

5. Fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 22. maí 2007 kl. 14:15

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Hörður Sigurgestsson, Snorri Finnlaugsson og Jóna Sigurbjartsdóttir. Elvar K. Valsson boðaði forföll.

Einnig mætt:

Róbert Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir, Hrafn Sævaldsson og Sædís Íva Elíasdóttir frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands

1. Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

2. Staða í Vaxtarsamningi:

Róbert kynnti yfirlit um fjárframlög og ráðstöfun fjár 22. maí 2007. Verkefni sem fengið hafa styrk eru: Háskólafélag á Suðurlandi, Markaðsstofa Suðurlands, HH Suðurland, Íslandshof, Uppbygging söguseturs um Tyrkjaránið 1627, www.eyjafjoll.is, Grímur kokkur ehf., Rannsókn- og fræðasetur VM.

Rætt um nauðsyn þess að fá kynningu á stöðu verkefnisins um Háskólafélag á Suðurlandi. Samþykkt að Friðrik og Róbert vinni að málinu.

3. Verkefni til umsóknar:

- 1. Markaðsáætlun fyrir tæknisetur og fræðslustarf að Reykjum:** Tilgangur verkefnisins er að gera markaðsáætlun fyrir tækni- og vísindasetur að Reykjum, sem geti orðið grundvöllur að fjölbreytilegri atvinnustarfsemi. Sótt er um kr. 5.790.000.- Á síðasta fundi frestaði framkvæmdaráð afgreiðslu og óskaði eftir frekari upplýsingum sem nú hafa borist. Framkvæmdaráð hafnar umsókninni.
- 2. Handritin heim –fræðastarf í Eyjum:** Verkefni Vestmannaeyjabæjar og Reykjavíkúakademíunnar þar sem um er að ræða uppbyggingu gagnagrunns á Internetinu þar sem íslensk handrit eru í fyrsta sinn uppruna- og efnisskráð. Markmiðið er að í Eyjum verði öflugt tengslanet sem nýtist almenningi. Í þessum áfanga er um að ræða skrásetningu á tölvutækt form handrit Jóns Þorsteinssonar, píslarvotts. Sótt er um kr. 1.700.000.- Hrafn og Elliði kynntu verkefnið. Framkvæmdaráð hafnar umsókninni þar sem hún fellur ekki að markmiðum Vaxtarsamnings.
- 3. Eyjaköfun:** Samstarfsverkefni í Vestmannaeyjum um stofnun köfunarskóla og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn sem hafa áhuga á að stunda köfun í Vestmannaeyjum. Þverfaglegt verkefni stofnana og fyrirtækja með ólík markmið og hlutverk sem mynda klasa í ferðaþjónustu. Hrafn gerði grein fyrir verkefninu. Sótt er um kr. 3.000.000.- Framkvæmdaráð samþykkir kr. 2.500.000.-

4. **Stefnumótun og markaðssetning fyrir Fákavelli á Kirkjubæjarklaustri:** Unnið er að væntanlegri byggingu afþreyingarmiðstöðvar við Kirkjubæjarklaustur. Samstarfsverkefni Hestamannafélagsins Kóps, nokkurra ferðaþjónustuaðila og sveitarfélagsins sem mynda klasa í ferðaþjónustu um verkefnið. Fyrirhugað að fá ráðgjafa á sviði stefnumótunar og markaðssetningar til að móta framtíðarsýn fyrir starfsemina. Íva gerði grein fyrir verkefninu. Sótt er um kr. 1.400.000. Framkvæmdaráð samþykkir kr. 1.400.000.-
5. **Remundur, áhugamannafélag – ferðamannaleiðir í Mýrdal:** Verkefnið felst í að skipuleggja, merkja og kynna gönguleiðir um afrétti og heiðarlönd í Mýrdal og byggja upp útivistartengda þjónustu í kring um það einstaka landslag sem er milli sjávar og jökuls. Hönnun og útgáfa á gönguleiðakorti. Verkefnið er klasasamstarf einkaaðila og opinberra aðila. Íva og Steingerður gerðu grein fyrir verkefninu. Sótt er um kr. 2.000.000 í fjárframlagi og kr. 300.000.- í vinnuframlagi. Framkvæmdaráð samþykkir kr. 1.500.000.- í fjárframlagi og kr. 300.000.- í vinnuframlagi sem gert er ráð fyrir að verði sótt til Bygðastofnunar.
6. **Brydebúð, stefnumótun og hönnun safnasamstarfs í Vík:** Ferðaþjónustu- og menningarklasi um stefnumótunarverkefni að uppbyggingu og rekstur safna í Vík. Samræming og ráðgjöf. Íva og Steingerður gerðu grein fyrir verkefninu. Sótt er um kr. 1.600.000.-. Framkvæmdaráð samþykkir kr. 1.500.000.-
7. **Kammerkór Suðurlands:** Menningarklasi með það markmiði að stuðla að menningarlegum samskiptum milli Íslands og Frakklands. Um er að ræða víðtækt samstarf tónlistarfólks af öllu Suðurlandi. Sótt er um kr. 300.000.- Framkvæmdaráð hafnar umsókninni þar sem hún fellur ekki að markmiðum Vaxtarsamnings.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 16.30
Fundargerð ritaði Sædis Íva Elíasdóttir